

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins:

Lagt er til að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf. verði áfram heimilað skólastarf í nýju húsnæði skólans að Skógarhlíð 6, Reykjavík og að gildistími þjónustusamnings frá 13. maí 2019 vegna 1. til 5. bekkjar, og viðauki skv. honum, dags. 7. nóvember 2022, verði framlengdur til 31. desember 2023.

Einnig er lagt til að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf. verði veitt tímabundið leyfi, til 31. desember 2023, til kennslu í 6. og 7. bekk og að greitt verði framlag vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík til samræmis við framangreindan gildistíma þjónustusamnings til 31. desember 2023.

Ekki verði gerð breyting á þjónustusamningi um 150 nemenda hámarksfjölda sem heimilt er að greiða framlag vegna.

Sviðsstjóra verði falið að gera viðauka við samning aðila, dags. 13. maí 2019, sem kveður á um framangreint sem gildi til 31. desember 2023 og að heimilt sé að greiða framlag vegna allt að 150 nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Gerður er fyrirvari um að skólahúsnæði uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum og að staðfesting Menntamálastofnunar fáiist.

Greinargerð:

Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 13. desember 2022, þar sem rakinn er ferill málsins og staða. Hér er því lagt til að skólanum verði áfram heimilt að stunda skólastarf við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík í nýju húsnæði, að Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík. Lagt er til að veitt verði tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk skólans. Jafnframt verði framlengdur gildistími þjónustusamnings aðila, dags. 13. maí 2019, til 31. desember 2023, og viðauka við samninginn, dags. 7. nóvember 2022, til samræmis við samþykkt borgarráðs, dags. 1. desember 2022 um framlengdan gildistíma samninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla.